

Alþingi
Erindi nr. P 143/1143
komudagur 21.2.2014



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2014

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun skapandi greina til þriggja ára, 267. mál

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreindar tillögu til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri:

Samtök ferðaþjónustunnar hafa alla tíð lagt áherslu á mikilvægi þess að aukin áhersla verði lögð á hlut ferðaþjónustunnar í íslensku samfélagi enda ein að grunnstoðum íslensks atvinnulífs í dag. Samtökin telja því að aðrar greinar atvinnulífsins sem heyrðu undir fjárfestingaráætlunina séu ekki síður mikilvægar en skapandi greinar. Fjárfestingaráætlunin gerði ráð fyrir styrkingu innviða og eflingu framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Vöxtur og framtíð ferðaþjónustunnar eru undir því komin að fjármagni sé varið í uppbyggingu innviða og viðhald ferðamannastaða. Rannsóknir er grunnforsenda þess að áætlanir séu marktækar og atvinnulíf þróist í takt við þær. Samtök ferðaþjónustunnar hafa margoft bent á það að rannsóknum í ferðaþjónstu sé skammarlega ábótavant. Því telja samtökin nauðsynlegt að þingsályktunartillagan taki tillit til fyrrgreindra þátta.

SAF telja einnig nauðsynlegt að efla þurfi nýsköpun sem og græna hagkerfið til að stuðla að frekari vexti og viðgangi atvinnulífs almennt.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Helga Árnadóttir
framkvæmdastjóri

